



Nefndasvið Alþingis
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 11. mars 2021

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um stjórnarskipunarlög (kosningaaldur). Þingskjal 189, 188. mál. (151. löggjafarþing)

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um stjórnarskipunarlög (kosningaaldur).

Barnaheill þakka fyrir tækifærið sem þeim er veitt til að gera umsögn um ofangreint mál.

Samtökin styðja framkomið frumvarp um lækkun kosningaaldurs í stjórnarskrá niður í 16 ár. Að veita börnum tækifæri til lýðræðisþátttöku í samfélaginu með svo afgerandi hætti er í samræmi við ákvæði Barnasáttmálans um rétt barna til þátttöku í samfélaginu, sbr. 12.-17. grein. Þar er börnum tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar, réttur til upplýsinga, réttur til áhrifa á eigið líf og styður hann við rétt til undirbúnings því að lífa ábyrgu og sjálfstæðu lífi í lýðræðissamfélagi.

Barnaheill eru jákvæð fyrir því að börnum verði boðin aukin þátttaka í lýðræðislegum ákvörðunum. Mikilvægt er meðfram þeirri breytingu að styrkja enn betur fræðslu um lýðræðisþátttöku í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Eðlilegt er að börn læri um lýðræði alla skólagönguna og gagnrýna hugsun, og öðlist aukinn skilning eftir því sem þau vaxa og þroskast. Búa þarf svo um að börnum verði tamt að vera hluti af lýðræðissamfélagi og fái að taka þátt í ákvörðunum sem varða stór og smá málefni sem þau varða, til dæmis í skólum. Nú þegar er margt sem styrkir stöðu barna innan skóla svo sem réttur til setu í skólaráði grunnskóla og framhaldsskóla.

Í þessu sambandi vilja Barnaheill taka undir umsögn Umboðsmanns barna um sama mál þar sem fjallað er um að lýðræðisþátttaka barna og ungmenna snúist um meira en lækkun kosningaaldurs og að bæta þurfi fræðslu um lýðræði, stjórnkerfi og stjórnsmál í efri bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum. Einnig að margar leiðir eru færar til að virkja þátttöku barna í ákvörðunum sem þau varða á fyrri stigum í undirbúningi mála hjá ríki og sveitarfélögum. Vert er að hvetja þá aðila til að auðvelda aðgengi barna og ungmenna að þátttöku í lýðræðinu með markvissum aðgerðum.

Barnaheill vilja taka fram að kosningaréttur er eins og nafnið segir, réttur til að kjósa en ekki skylda. Því telja samtökin óþarfa að hafa áhyggjur af því að verið sé að leggja of mikla ábyrgð á börn með því að veita þeim kosningarétt. Samfélaginu er óhætt að treysta börnum til að kjósa, rétt eins og það treystir börnum til að taka þátt í atvinnulífinu og greiða tekjuskatt.

Samtökin hafa enn fremur ekki áhyggjur af því að börn verði mötuð á stjórnsmálaskoðunum foreldra sinna. Þannig er því nú þegar mjög víða háttað um ungt fólk sem tekur sín fyrstu skref í lýðræðisþátttöku. Fólk þróar með sér sínar skoðanir á æviskeiði sínu og verður fyrir áhrifum úr öllum áttum, sem meðal annars verða hluti af þeirra eigin skoðunum. Því er auðvitað eins farið með börn, þau byggja skoðanir sínar oft á reynslu sinni og þekkingu úr umhverfi sínu, eins og aðrir.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna að bættum mannréttindum barna og hafa trú á því að það auðgi samfélag okkar enn frekar ef börn hafa tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir sem varða börn með því að fá rétt til þátttöku í almennum kosningum.